

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Minnisblað Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Skotlands

Samþykkt hefur verið af stjórn SSV að skipuleggja fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa á Vesturlandi til Skotlands árið 2023. Við verðum í samfloti með SSNV sem voru að skipuleggja ferð á sama tíma fyrir kjörna fulltrúa á Norðurlandi vestra.

Ferðaskipulag verður með eftirfarandi hætti:

Undirbúningur: SSV í samráði við SSNV skipuleggur og undirbýr ferðina, sér um að panta flugferðir, gistingu og annað sem þarf.

Kostnaður: Sveitarfélögin greiða kostnað fyrir sína fulltrúa og hvert sveitarfélag getur sent allt að 4 fulltrúa í ferðina. Áætlað flugverð, gisting og rútuferðir er um 140.000 – 160.000 á mann.

Ferðatími: 28. ágúst til 1. september.

Dagskrá í Skotlandi: Að þessu sinni verður farið til Skotlands þar sem við munum kynna okkur ýmsa áhugaverða þætti í starfsemi sveitarfélaga sem og byggðaþróunaraðgerðir og ýmis konar nýsköpun. Verið er að leggja drög að dagskrá og má reikna með að hluti af henni verði í Inverness og hluti í Edinborg. Við njótum aðstoðar Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirbúning dagskrár.

Ef þið eruð með hugmyndir af áhugaverðum verkefnum sem þið viljið kynna ykkur í Skotlandi er um að gera senda okkur hjá SSV línu.

Við óskum eftir því að fá tilkynningar um þátttöku í síðasta lagi þriðjudaginn 2. maí n.k. Sendið póst á svala@ssv.is með nöfnum þátttakenda frá ykkar sveitarfélagi.

f.h. SSV
Páll S. Brynjarsson